

Tillaga fulltrúa Samfylkingarinnar, Pírata og Vinstri grænna í velferðarráði

Velferðarráð samþykkir að fela sviðsstjóra að óska eftir fundi með heilbrigðisráðuneytinu vegna sólarhringsþjónustu við sjúklinga með mjög miklar hjúkrunarþarfir og eru í öndunarvél, s.s. MND, MS og Parkinson sjúklinga. Velferðarráð telur mikilvægt að komið verði upp sérhæfðu teymi starfsmanna sem heyri undir Landspítala háskólasjúkrahús eða að samið verði við hjúkrunarheimili að hýsa slíkt teymi. Teymið starfi fyrir allt höfuðborgarsvæðið en gera má ráð fyrir að um 3-5 einstaklingar þurfi að fá sólarhringsþjónustu frá teyminu að jafnaði. Teymið hefði bakland í MND teymi Landspítalans enda mikil og góð tengsl milli þessara skjólstæðinga og MND teymis. Teymið hefði teymisstjóra sem heldur utan um alla mönnun og má reikna með að teymið verði mjög sveigjanlegt eftir fjölda verkefna hverju sinni. Fjármögnun á slíku teymi kæmi annars vegar frá Sjúkratryggingum Íslands sem greiddu laun heilbrigðisstarfsmanns á þrískiptum vöktum (24/7) fyrir hvern skjólstæðing auk fjármagns frá sveitarfélögum sem greiði ígildi beingreiðslusamnings eða allt að 250 klukkustundir á mánuði. Auk þess kæmi þjónusta frá heimahjúkrun.

Greinargerð með tillögu:

Aukinn þrýstingur hefur verið á velferðarsvið sveitarfélaga um þjónustu við einstaklinga sem eru í öndunarvél og hafa miklar hjúkrunarþarfir. Sá þrýstingur kemur frá Landspítala – háskólasjúkrahúsi. Að mati velferðarráðs Reykjavíkur er um heilbrigðisþjónustu að ræða, þ.e. umsjón með öndunarvél og eftir atvikum öðrum heilbrigðistækjum. Heilbrigðisráðuneytið skilgreinir hinsvegar þjónustuna á grundvelli laga um fatlað fólk og telur að sveitarfélögin eigi að veita umræddum einstaklingum sem þurfa aðstoð við allar athafnir daglegs lífs, þjónustu á grundvelli laga um fatlað fólk.

Hlutverk starfsmanna heimaþjónustu er að vakta sjúklinga, aðstoða við t.d. salernisferðir og grípa inn í aðstæður, s.s. ef viðkomandi á erfitt með að kyngja eða glímir við öndunarerfiðleika. Starfsfólk heimaþjónustu hefur ekki menntun á sviði heilbrigðisþjónustu og hefur reynst afar erfitt að manna slík störf, enda ábyrgð og kröfur miklar. Skemmst er að minnast málaferla sem beindust að fyrirtækinu Sinnum, þar sem ófaglærður einstaklingur hafði umsjón með öndunarvél og ung stúlka lést í umsjón starfsmannsins. Að mati velferðarráðs þarf slík þjónusta alltaf að vera á ábyrgð heilbrigðismenntaðs fagfólks, sem heldur utan um faglega ráðgjöf og þjálfun starfsmanna.